

Alþingi Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
Sent rafrænt á nefndasvið@althingi.is

Reykjavík, 24. október 2023.

**Efni: Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum í þágu barna (samþætting þjónustu o.fl.). 154. löggjafarþing 2023-2024. Þingskjal 243 – 240. mál. Stjórnarfrumvarp.**

Félagsráðgjafafélag Íslands þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn við frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum í þágu barna (samþætting þjónustu o.fl.). 154. löggjafarþing 2023-2024. Þingskjal 243 – 240. mál. Stjórnarfrumvarp. Um er að ræða frumvarp sem var fyrst lagt fram á 153. löggjafarþingi (922. mál) en náði ekki fram að ganga og er nú lagt fram óbreytt. Í greinargerð með frumvarpinu er fjallað um þá umfangsmiklu vinnu sem átt hefur sér stað frá vori 2018 við breytingar í þágu farsældar barna sem hefur meðal annars falið í sér víðtæka heildarendurskoðun lagaumhverfis.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum laga um leikskóla, nr. 90/2008, laga um grunnskóla, nr. 91/2008, laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008, íþróttalaga, nr. 64/1998, og æskulýðslaga, nr. 70/2007. Félagið tekur undir mikilvægi þess að gerðar séu nauðsynlegar lagabreytingar til að tryggja að lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, nr. 86/2021, komist að fullu til framkvæmda og koma í veg fyrir ósamræmi í gildandi lögum. Hér er um að ræða breytingar sem miða að því að samræma hugtakanotkun laga á málefnasviði ráðuneytisins við ákvæði laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Felur frumvarpið í sér breytingar er varða stefnumótun og áætlanagerð auk þess sem þeim er ætlað að tryggja snemmtækan stuðning. Lagðar eru til breytingar er lúta að skyldum þeirra aðila sem veita þjónustu í þágu barna og sem miða að því að skýra hlutverk tengiliða, málstjóra og stuðningsteyma. Einnig eru lagðar til breytingar sem miða að því að samræma ákvæði laganna við ákvæði barnasáttmálans.

Félagsráðgjafafélag Íslands hefur fylgst með þeirri vinnu sem hefur átt sér stað af hálfu ráðuneytisins frá árinu 2018, tekið þátt í þingum og veitt umsögn við þau mál sem tengjast lögum um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna. Félagsráðgjafar gegna lykilhlutverki í innleiðingu laganna en þeir starfa innan barnaverndar, félagsþjónustu, heilbrigðisþjónustu, skólaþjónustu og fleiri sviðum þar sem veitt er þjónusta við börn og fjölskyldur. Félagið hefur ítrekað bent á mikilvægi þess að tryggja aðgang að félagsráðgjöfum innan grunn- og framhaldsskóla auk heilsugæslustöðva til að tryggja snemmtækan stuðning við börn og fjölskyldur.

Félagsráðgjafafélag Íslands styður fram komnar tillögur og er tilbúið að fylgja umsögn sinni eftir sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,  
f.h. Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann  
formaður